

Fundargerð stjórnar 28. September 2015

Stjórnarfundur fjár- og hjarðhundadeildar var haldnn mánudaginn 28. september kl. 19:30 í húsnæði HRFÍ í Síðumúla.

Mættir: Svana, Hilmar, Stella og Ingibjörg úr stjórninni og Systa tengiliður Aussie.

1) Samþykkt var að tengiliðir verði boðaðir á alla fundi stjórnar í vetur og jafnframt að þeir megi senda fulltrúa sína ef þeir vilja. Rætt að mikilvægt væri að hafa aðgang að góðri nettengingu í fundaraðstöðu HRFÍ svo við getum notað skype fundarbúnað.

2) Septembersýning HRFÍ; Rætt að eins og venjulega komu færri að vinna við sýninguna - sérstaklega við frágang. Iðnaðarriksuga hefði gert vinnu sýninguna viðráðanlegri. Umgegni við muni í gámi mætti vera betri. Rætt var að hillur í geymslugámi og vagn til að flytja grindur og fleira myndu líka auðvelda starfsmönnum lífið. Frábært framtak að fá verktaka til þess að leggja og taka upp teppin. Einnig var rætt að gaman væri að hafa hvolpasýning með tegundum á aðalsýningunni en ekki á föstudegi. Þá var rætt að gaman væri að hafa stærri sýningarhringi fyrir stóru hundana ef hægt væri að koma því við.

3) Deildarsýning Fjár- og hjarðhundadeildar í júní sl. Sýningin gekk vel en mikil vinna lenti á fáum af ýmsum ástæðum eins og gengur. Gaman var að hafa sýninguna á þessum tíma dags en við myndum byrja fyrr ef önnur miðnætursýning verður haldin. HRFÍ er að skrá niðurstöður sýningarinnar og verða þær kynntar um leið og því lýkur.

4) Heilbrigðisnefnd skipti með sér tegundum og hefur einn nefndarmaður skilað skýrslu en hinum tveimur er gefinn frestur til 1. nóvember til þess að klára verkefnið.

5) Unnið verður að endurskoðun reglna um fjárhundaeðlispróf á næsta fundi.

6) Uppskeruhátíð verður haldin 3. desember nk. Takmarkið er að fá 40 gesti.

Næsti fundur verður haldinn 2. nóvember nk kl. 19:30

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 21:00